

Fundur mánudaginn 7. nóvember 2016 á heimili undirritaðrar

Þétt var setið í stofunni í Álftamýri þegar Ingibjörg Einarsdóttir formaður setti fundinn og kveikti á kertum vináttunnar, trúmennskunnar og hjálpseminnar.

María Pálmadóttir tók manntal og voru, auk Eyglóar Björnsdóttur landssambandsforseta, 30 konur deildarinnar mættar: Árný Elíasdóttir, Björg Eiríksdóttir, Björk Einisdóttir, Bryndís Steinþórsdóttir, Edda Pétursdóttir, Edda Vikar Guðmundstóttir, Elín Ólafsdóttir, Gerður G. Óskarsdóttir, Guðný Helgadóttir, Helga G. Halldórsdóttir, Helga Thorlacius, Hertha W. Jónsdóttir, Hildur Jóhannesdóttir, Hrefna Þórarinsdóttir, Ingibjörg Einarsdóttir, Ingibjörg Jónasdóttir, Jóhanna Einarsdóttir, Kristín Bjarnadóttir, Kristín Jónsdóttir sagnfræðingur, Margrét Jónsdóttir, María Pálmadóttir, Ragnheiður Stefánsdóttir, Ragnhildur Þórarinsdóttir, Rannveig Sigurðardóttir, Sigríður Jónsdóttir, Sigrún Aðalbjarnardóttir, Soffía Sveinsdóttir, Stefanía Arnórsdóttir, Svana Friðriksdóttir og Vílborg Dagbjartsdóttir.

Jóhanna Einarsdóttir flutti orð til umhugsunar og sagði frá afmælistálfingi leikskólamenntunar sem haldið var föstudaginn 3. nóvember og blésu erindin sem hún hlýddi á henni anda í brjósti. Fyrirlesarar höfðu sjálfir verið þátttakendur í þróuninni í gegnum árin. Jón Freyr Þórarinsson, formaður Barnavinafélagsins Sumargjafar sagði frá aðdraganda og upphafinu en *70 ár eru síðan Uppeldisskóli Sumargjafar* var stofnaður. Fyrsti leikskólinn var Grænaborg sem var á Landspítalalóðinni í svokölluðu „open air“ húsnæði þar sem börnin gátu sofið úti. Þá var rekinn leikskóli í Steinahlíð fyrir fjölskyldur sem áttu í erfiðleikum og bjuggu forstöðukonurnar ætíð í húsinu. Jóhanna nefndi hvað mikið hefur breyst t.d. viðhorf gagnvart börnum, um val á bókum sem lesnar eru fyrir þau og nefndi sérstaklega sérstakar stelpu- og strákabækur. Sjálf flutti hún erindi á þinginu og fór yfir 25 síðustu árin eða frá því að hún tók við framhaldsdeild fósturskólans. Hún nefndi sérstaklega hvað henni finnst gífurlegur kraftur í stéttinni og telur að þetta miklar breytingar hafi átt sér stað vegna hans. T.a.m. viðurkenning á fyrsta námsstiginu, að leikskólinn fór undir menntamálaráðuneytið og flutningur skólans á háskólastig með meiri áherslu á fræðilegt nám. Og nýlega stofnun Rannsóknarstofu um menntunarfræði ungra barna sem er ung fræðigreinin og í takt við það sem var að gerast á hnattræna vísu. Nánar má lesa um þingið á heimasíðunni: <http://sumargjof.is/>

Björg gjaldkeri sagði frá gjaldkeraraunum sínum en það hefur ekki verið áreynslulaust fyrir hana að fá prókúru. Bæði þurfti fundargerð aðalfundar þar sem gjaldkeraskipti

voru ákveðin ásamt því að stjórnarliðar þurftu að leggja inn ljósrit af vegabréfum eða örðum fullgildum persónuskilríkum. Má með sanni segja og gott til þess að vita að það er ekki hver sem er sem getur orðið réttmætur umboðsmaður félagsreikninga í landinu.

Eygló landssambandsforseti sagði frá ársþinginu sl. sumar sem haldið var í Nashville, Tennessee. Þar voru áhugaverðir fyrirlestrar, m.a. um þjálfun raddarinnar og um skátahreyfinguna auk þess kom barnabókahöfundurinn Horst. Einnig var umræða um lög og reglur DKG, unnið er að heimild fyrir því að á þinginu árið 2018 geti hver og einn meðlimur samtakanna kosið forystumenn annaðhvort með rafrænni kosningu eða að allir sem mæta á þingið fái að kjósa. Nú er staðan þannig að einungis forsetarnir hafa atkvæðarétt og fylgi hvers forseta er mismunandi eftir fjölda kvenna í deildum þeirra. Einnig var rætt um þann möguleika að tilheyra landssambandi án þess að vera í deild, það var ekki samþykkt að svo stöddu. Hún hvatti félagskonur að mæta á vorþingið á Akureyri sem Beta-og Mýdeildirnar skipuleggja og halda utan um. Kostakjör bjóðast fyrir gistingu á Icelandair hótelinu og ef pantað er fyrir 1. mars kostar 2ja manna herbergi í tvær nætur einungis 32 þúsund krónur með morgunmat og fyrir 1 manns herbergi er kostnaðurinn 26 þúsund krónur fyrir tvær nætur. Þá hvatti hún konur til að fjölmenna á Evrópuþingið í Tallin í lok júlí nk. og sagði að margt væri hægt að upplifa og læra af því sem verður góður undirbúningur fyrir þingið á Íslandi sumarið 2019.

Dagskrá hafði riðlast aðeins þar sem Þórunn Ólafsdóttir, sjálfboðaliði og formaður Akkeris tafðist. Henni var fagnað þegar hún kom og byrjaði að segja okkur frá því hvernig það orsakaðist að hún er af lífi og sál tengd flóttahjálpi og miðlun upplýsinga þar um. Allt byrjaði það eftir að hafa lesið grein ungrar stúlku sem var í Grikklandi í fríi og kynntist flóttafjölskyldu. Greip hana sterk tilfinning að verða að liði. Hún hafði unnið sem fararstjóri í Tyrklandi og Egyptalandi í gegnum danska ferðaskrifstofu, hafði samband og komst til starfa á eyjunni Lesbos í Grikklandi sem liggur nálægt ströndu Tyrklands. Það má segja að hún hafi í byrjun verið vitni á vettvangi. Ástandið var galið eins og hún orðaði það, oft komu 5000 flóttamenn á dag til eyjarinnar en þar búa tæplega 90 þúsund manns. Í byrjun var oft á tíðum enginn til að sinna fólkinu og vildi hún leggja sitt af mörkum. Hún dvaldi í þrígang á eyjunni nokkra mánuði í senn á

einu ári frá ágúst 2015 til ágúst 2016, sinnti ferðamönnum á daginn og flóttafólki á kvöldin.

Sjálfboðastarfið var í raun skipulagt kaos og vissi hún aldrei hvað þyrfti að gera eða hvaða aðstæður hún myndi upplifa frá degi til dags. Fljótt gerði hún sér grein fyrir þörfinni á að miðla ástandinu og telur að enn sé þörf á því. Þörfin er samt ekki síður að miðla réttum og réttmætum upplýsingum til flóttafólksins en þar skortir mikið á. Bæði áður en fólkið leggur upp í hættuför og þegar það er komið yfir til Evrópu, inn fyrir Schengen en þangað vill fólk koma og er tilbúið að borga 1000-1500 dollara fyrir 7-8 km ferð í stappfullum báti frá Tyrklandi. Ferðin sjálf er ekki það versta en að lenda bátnum í ölduróti og myrkri er verra. Óprútnir aðilar maka krókin og bjóða pakkaferðir sem eru meira og minna svindl. Erfitt sé að gera sér þetta í hugarlund þegar við búum við öryggi og hjálparsveit sem er til taks sagði Þórunn. Fyrst eftir að hún kom streymdi fólkið að og um haustið voru eitt sinn um 7000 manns á svæðinu í smábæ sem einungis taldi 2500 íbúa. Sjálfboðaliðarnir voru ekki nógu margir en komu víða að, taldi hún eitt sinn 14 þjóðerni í hópnum, hún sagði að því fylgdi orka að upplifa samkenndina, sem var hvatning í annars ómögulegu ástandi. Til dæmis komu til hjálpar lítil hjálparsamtök frá Bandaríkjunum sem heita *Islamic relief* og töluðu meðlimir arabísku. Samtökin hafa verið virk á fellibyljasvæðum heima fyrir. Sýrlendingarnir töluðu ensku upp til hópa og menntunarstig þeirra er hátt það sama er ekki að segja um Afganana og meðal þeirra var og heilsufarsvandi meiri. Erfitt er að finna fólk sem talar farsí og getur talað við þá flóttamenn sem ekki tala ensku. Það voru margir sem tengdir voru ástandinu, flóttamennirnir sjálfir, sem hjálpuðu innbyrðis. Samkenndin er mikil og þrátt fyrir erfiðleika og bágindi þá er manneskjan allstaðar eins með sömu þrár.

Allir voru að reyna að redda hlutunum því ekki var nein ein stofnun sá um ástandið. Þar kom upplýsingavandinn í veg fyrir ýmislegt. Fólkið taldi sig oft hafa keypt aðstoð í pakkanum áður en lagt var af stað og stóðu bara og spurðu hvar þjónusta væri að fá. Eftir því sem leið á árið var meira skipulag komið á eitt og annað. Heilbrigðisþjónusta í betri farvegi og túlkþjónusta.

65 milljónir manna eru á flótta í heiminum. Það eru allskonar reglugerðir og túlkanir í gangi eins og við þekkjum, Dyflinarsamkomulag sem er notað eins og lagabókstafur. Það eru margir á flakki, flestir í leit að betra lífi og meðal þeirra fólk sem hreinlega er

á flóttu til að bjarga lífi sínu. Þórunn spyr hvort hugtök í flóttamannasamningi sem gerður var í kjölfar seinni heimstyrjaldarinnar séu orðin úrelt, t.d. fátækt og hungursneyð? Þurfa þau að víkja og í staðinn komi hugtök eins og lífshætta?

Þórunn er hvergi hætt að leggja sitt af mörkum. Hún telur miðlun upplýsinga vera lykilatriði fyrir alla aðila. Lokaorð hennar til okkar voru að ef við vildum aðstoða, að spyrja ekki hvort við gætum hjálpað eða orðið að liði heldur að spyrja: „*Hvernig get ég hjálpað?*“

Veitingar sem Svana Friðriksdóttir, Helga Halldórsdóttir og Guðný Helgadóttir komu með voru fram bornar. Áður en Ingibjörg sleit fundi og slökkti á kerunum þremur þá þakkaði hún Þórunni fyrir fróðlegt erindi, Eygló landssambandsformanni fyrir komuna og Eddu fyrir húsaskjól. Að lokum hvatti hún okkur til þess að huga að vorþinginu og kátar sungu allar saman lag Þorsteins Erlingssonar í Hlíðarendakoti.

Fundargerð ritaði Edda Pétursdóttir